

# LÖG

## um skráningu einstaklinga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

###### *Markmið.*

Markmiðið með lögum þessum er að tryggja að haldin sé áreiðanleg skrá yfir einstaklinga og að skráningin sé rétt svo að hún skapi grundvöll fyrir tiltekin réttindi og tilteknar skyldur einstaklinga. Enn fremur er það markmið að skráning upplýsinga í þjóðskrá byggist á bestu fáanlegu gögnum á hverjum tíma.

##### 2. gr.

###### *Gildissvið.*

Lög þessi gilda um skráningu einstaklinga hér á landi.

Skráning einstaklinga fer fram í þjóðskrá. Þjóðskrá inniheldur grunnupplýsingar um einstaklinga sem nauðsynlegar eru til starfrækslu ríkis og sveitarfélaga.

Í þjóðskrá eru eftirtaldir skráðir:

1. Þeir sem eiga eða hafa átt lögheimili á Íslandi.
2. Íslenskir ríkisborgarar fæddir erlendis.
3. Börn fædd á Íslandi.

##### 3. gr.

###### *Stjórnarsýsla.*

Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Þjóðskrá Íslands sér um þjóðskrá og tengdar skrár, annast rekstur og þróun gagnagrunna og upplýsingakerfa þjóðskrár og annast skráningu einstaklinga í skrána.

##### 4. gr.

###### *Orðskýringar.*

Í lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim merkir:

1. *Birtingarnafn:* Nafn eins og því er miðlað í þjóðskrá.
2. *Breytingaskrá:* Sá hluti þjóðskrár sem inniheldur breytingasögu einstaklinga.
3. *Fullt nafn:* Fullt nafn samkvæmt lögum um mannanöfn, þ.e. eiginnaframt einstaklings eða eiginöfn, millinafn ef því er að skipta og kenninafn eða kenninöfn.













